Nr. 791 2. júlí 2026

# REGLUGERÐ

**um (10.) breytingu á reglugerð nr. 860/2025 um leyfilegan heildarafla og veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2025/2026 og almanaksárið 2026.**

1. gr.

Í töflu í 4. gr. reglugerðarinnar er gerð breyting, svohljóðandi:

<table>
<tr><th>Tegund</th><th>Ráðlagður heildarafli</th><th>Leyfilegur heildarafli</th><th>Dregið frá heildarafla, skv. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006 (5,3%)</th><th>Fiskistofa úthlutar á grundvelli aflahlutdeildar</th></tr>
<tr><td>Íslensk sumargotssíld</td><td>80.307</td><td>80.307</td><td>4.256</td><td>76.051</td></tr>
<tr><td>Makríll:</td><td>31.396</td><td>31.396</td><td>1.664</td><td>29.732</td></tr>
<tr><td>Til úthlutunar á grundvelli aflahlutdeildar skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006</td><td rowspan="2">31.396</td><td>30.896</td><td rowspan="2">1.664</td><td>29.232</td></tr>
<tr><td>Til ráðstöfunar skv. 10. gr. b. laga nr. 116/2006</td><td>500</td><td>500</td></tr>
</table>

2. gr.

Við 18. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Um borð í fiskiskipum skal vera búnaður til að koma í veg fyrir að fuglar og spendýr festist í veiðarfærum þegar veiðarfæri eru sett í sjó.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 3. og 16. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, 2. og 30. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar, nr. 57/1996, 19. gr. laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, nr. 151/1996, og 14. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1997. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvegaráðuneytinu, 2. júlí 2026.*

**Hanna Katrín Friðriksson.**

*Hallveig Ólafsdóttir.*

B deild - Útgáfudagur: 10. júlí 2026